

*Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar við Frumvarp til laga um breytingu á lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, nr 46/1980, og lögum um málefni fatlaðs fólks, nr. 59/1992, með síðari breytingum (aukin vinnuvernd og notendastýrð aðstoð)*

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að fá til umsagnar áðurgreint frumvarp.

Breytingin á 3. grein laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er afar mikilvæg til að tryggja framgang samstarfsverkefnisins um notendastýrða persónulega aðstoð (N.P.A.) Verkefnið er byggt á hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf þar sem notandinn er sjálfur stjórnandi í eigin lífi og þarf að hafa víðtækar heimildir til að semja við sína starfsmenn um vinnufyrirkomulag sem hentar útrá einstaklingsbundnum þörfum hvers og eins.

Núverandi lög koma í veg fyrir að þessum markmiðum sé náð og því nauðsynlegt að gera þessar lagabreytingar.

Varðandi breytingar á lögum um málefni fatlaðs fólks er mikilvægt að fram komi að fulltrúi Landssamtakanna Þroskahjálpar í verkefnisstjórn um NPA lagði ríka áherslu á að ný lög um NPA litu dagsins ljós fyrir árslok 2014. Reynsla nágrannabjóða af slíku fyrirkomulagi ásamt þeirri reynsla sem komin er hér á landi væri nægjanleg til að setja e.k. lágmarksákvæði í lög til að tryggja rétt alls fatlaðs fólks til að velja frekar að stýra þjónustunni sjálfir en að þiggja fyrirfram skilgreinda þjónustu.

Þessi leið var t.a.m. farin í Noregi þar sem sveitarfélögum ber skylda til að heimila NPA en geta sett þær skorður að notandinn fái ekki meira fjármagn en sem nemur kostnaði við hefðbundna þjónustu. Við hjá Landssamtökunum Þroskahjálpar teljum að vel væri hægt að koma þessum atriðum inni í lög nú þegar og að ekki sé ástæða til að bíða með slíkt